

**1987 nr. 20 26. mars****Lög um sjómannadag**

Tóku gildi 14. apríl 1987. Breytt með 1. 157/2012 (tóku gildi 3. jan. 2013).

■ **1. gr.** Fyrsti sunnudagur í júnímánuði ár hvert skal vera almennur frídagur sjómanna með þeim undantekningum sem um getur í lögum þessum. Beri hvítasunnudag upp á fyrsta sunnudag í júní skal sjómannadagur haldinn næsta sunnudag á eftir.

□ Sjómannadagurinn skal vera almennur fánadagur.

■ **2. gr.** Ákvæði 1. gr. taka ekki til sjómanna á íslenskum farskipum sem sigla milli Íslands og annarra landa. Þó skal farskipi, sem liggur í íslensku höfn og eigi hefur látið úr höfn fyrir kl. 12 á hádegi á laugardegi næstum á undan sjómannadegi, eigi heimilt að láta úr höfn fyrir en kl. 12 á hádegi næsta mánudag.

□ Ferjur milli lands og eyja eru undanþegnar ákvæðum 1. gr.

□ Strandferðaskip og sanddæluskip skulu halda höfn þar sem þau eru stödd á sjómannadag.

■ **3. gr.** Ákvæði 1. gr. taka ekki til skipa Landhelgisgæslu Íslands. Stjórn Landhelgisgæslunnar ber þó að sjá til þess að skipin séu í höfn ef þau hafa ekki aðkallandi verkefnum að gegna að hennar mati.

■ **4. gr.** [Hafrannsóknastofnun]<sup>1)</sup> skal skipuleggja rannsóknaleiðangra þannig að skip geti leitað hafnar eigi síðar en kl. 12 á laugardegi fyrir sjómannadag og láti ekki úr höfn fyrir en kl. 12 á hádegi næsta mánudag.

<sup>1)</sup> L. 157/2012, 3. gr.

■ **5. gr.** Öll fiskiskip skulu liggja í höfn á sjómannadag og hafa komið til hafnar eigi síðar en kl. 12 á laugardegi fyrir sjómannadag og láta ekki úr höfn fyrir en kl. 12 á hádegi næsta mánudag.

□ Skipverjar skulu ekki vera skyldir til vinnu við skipið eftir kl. 12 á laugardegi fyrir sjómannadag nema öryggi þess sé í hættu.

□ Ákvæði 1. mgr. eru frávikjanleg ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á erlendan markað, enda sé skipshöfn kunn sú fyrirætlan áður en veiðiferð hefst. Einnig má víkja frá ákvæðum 1. mgr. ef mikilvægir hagsmunir eru í húfi og samkomulag tekst þar um milli útgerðar og skips-hafnar.

■ **6. gr.** Útgerðarmaður og skipstjóri bera ábyrgð á því að farið sé að ákvæðum laga þessara. Brot gegn lögnum varða sektum í ríkissjóð.

■ **7. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.